

Nd.

283. Nefndarálit

[72. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 30. jan. 1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumvarp þetta hefur þá breytingu eina í för með sér frá gildandi ákvæðum í lögum nr. 12/1952, að ráðherra er heimilað, að fengnum till. Tryggingastofnunar ríkisins, að veita lán úr erfðafjárjóði til byggingar elliheimila, en þó því aðeins, að fjárhagur sjóðsins leyfi.

Vitað er, að stundum er erfitt fyrir vistmenn á elliheimilum, sem nokkra starfsgetu hafa, að vinna sökum skorts á húsnæði. Hljóta lánveitingar samkv. frv. þessu, ef að lögum verður, að vera bundnar því skilyrði, að séð verði fyrir hentugum vinnustofum fyrir vistmenn í þeim elliheimilisbyggingum, sem lán kunna að fá úr sjóðnum, en sá er einmitt annar aðaltilgangur laga nr. 12/1952 að koma upp vinnustofum fyrir gamalmenni.

Að þessu athuguðu mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 4. apríl 1960.

Guðl. Gíslason. Jón Skaftason.

Sigurður Bjarnason,
form.

Birgir Finnsson,
fundaskr., frsm.

Hannibal Valdimarsson,
með fyrirvara.